

6.4.3. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016, 722/2017, 669/2018, 1278/2018 og 977/2020
Lög um mannvirki, nr. 160/2010

Dyr innanhúss

Í grein 6.4.3 í byggingarreglugerð segir:

„Breidd og hæð innihurða skal vera þannig að fullnægt sé þörf vegna þeirrar umferðar sem gert er ráð fyrir innan byggingarinnar.

Hindrunarlaus umferðarbreidd allra dyra í byggingum þar sem krafist er algildrar hönnunar skal minnst vera 0,80 m og samsvarandi hæð minnst 2,00 m. Í öðrum byggingum skal hindrunarlaus umferðarbreidd dyra innanhúss vera að lágmarki 0,70 m og samsvarandi hæð minnst 2,00 m. Heimilt er að dyr séu minni í rýmum sem telja má sem innbyggða skápa, s.s. ræstiklefa, tæknirými o.þ.h.


Dyr í byggingum skulu þannig frágengnar að allir, þar með talið fólk í hjólastól, geti opnað þær án erfiðleika. Miða skal við að áttak við að opna hurð sé mest 25 N á handfangi og mesti þrýstingur eða tog ekki yfir 40 N.

Dyr innan íbúða fyrir hreyfihamlaða skulu vera þröskuldslausar.


Húsnæðis- og mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.“

Leiðbeiningar

- 1 Breidd og hæð hurðarblaða innanhúss skal fullnægja þeirri þörf umferðar sem gert er ráð fyrir í byggingunni svo og þörf vegna rýmingar, samanber 9. hluta byggingarreglugerðar. Hindrunarlaus umferðarbreidd allra dyra, í byggingum þar sem krafist er algildrar hönnunar, er að minnsta kosti 0,80 m x 2,00 m. Hindrunarlaus umferðarbreidd (umferðarmál) mælist með hurðarblað 90° opið frá mótlægum karmi að hurðarblaði. Þar sem ekki er unnt að opna hurð meira en 90° og handföng eru sett á hurðarblað nálægt lömum þarf að breikka umferðarmálið sem því nemur. Í öðrum byggingum er lágmarksbreidd hurðarblaða 0,70 m og lágmarkshæð 2,00 m.



Mynd 1. Dæmi um hurð á lömum



Mynd 2. Dæmi um rennihurð

- 2 Í byggingum sem hannaðar eru á grundvelli algildrar hönnunar skulu dyr innanhúss vera þröskuldslausar eða með þröskuldum sem auðvelt er að fjarlægja til dæmis þröskuldar sem eru límdir niður milli karna.
- 3 Dyr skulu þannig frágengnar að allir, þar með talið er fólk í hjólastól, geti opnað þær án erfiðleika. Til þess að fólk með takmarkaðan kraft í fingrum og höndum geti opnað hurðir verða hurðirnar að vera með hámarks hurðarátaki 25 N (sem samsvarar þyngd upp um það bil 2,5 kg) og mesti þrýstingur eða tog ekki yfir 40 N. Mælt er með sjálfvirkum hurðaropunarbúnaði sérstaklega við inngangs- og brunaútgangsdyr (flóttaleiðir).

Yfirlit yfir breytingar sem gerðar hafa verið á leiðbeiningunni:

Útgáfa	Lýsing á breytingu:	Dags.
1.0	Á ekki við	15.6.2012
2.0	2. breyting á byggingarreglugerð	5.7.2013
3.0	3. breyting á byggingarreglugerð	15.7.2014
3.1	7. breyting á byggingarreglugerð	15.6.2018
3.2	Tekin út tilvísun ofl.	26.6.2019
3.3	Tekið út úrehtar tilvísanir og slóðir	27.9.2019
3.4	MVS breytt í HMS	5.2.2020
3.5	9. breyting á byggingarreglugerð. Yfirlit yfir breytingar	16.11.2020